



VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð		Verkkaupi Bláskógabyggð		Verknúmer
Fundarefni Verkfundur #10		Fundarstaður Aratunga		Nr. fundar #10
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	Fundarritari Guðmundur Daníelsson	Fundardags. 20/05/2020	Fundartími 11:00	Dags. Fundarg. 20/05/2020
Fundarmenn Ásta Stefánsdóttir (ÁS) Bjarki Hallvarðsson (BH) Bjarni Daníelsson (BD) Guðmundur Daníelsson (GD) Gunnar Skaptason (GS) Helgi Kjartansson (HK) Böðvar Pétursson (BP)		Fyrirtæki Bláskógabyggð SH Leiðarinn Bláskógabyggð Bláskógabyggð Bláskógabyggð Bláskógabyggð SH Leiðarinn		
Fjarverandi Hörður Davíðsson (HD) Sigurjón Hallvarðsson (SH)		Fyrirtæki Digriklettur SH Leiðarinn		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv fundarboði		Dagsetning næsta fundar 3/06-2020	Tími næsta fundar 11:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / lags.
1.	Fundargerð síðasta fundar Þar sem um símafund er að ræða var ekki hægt að undirrita fundargerð. Samþykkt fundargerð verður send verktaka til undirritunar.	BH GD
2.	Útistandandi mál frá síðasta verkfundi BH hefur sent verkkaupa uppfærða verkáætlun. GD sagði frá fyrirhuguðum fundi með Vegagerðinni vegna vegaframkvæmda sumarsins. Fram kom í samtali GD og BH fyrr í vikunni að verktaki hefur ekki störf við áfanga 9 fyrr en í viku 22. Því verða teikningar af áfanganum unnar eftir fund við Vegagerðina enda snýr sá fundur m.a. að tilteknum svæðum í þeim áfanga. 32mm rörasvæði er enn í skoðun, niðurstöðu að vænta fljótlega.	BH GD
3.	Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Búið er að plægja áfanga 5 og unnið er að frágangi heimtauga í áfanga 8.	
4.	Næstu skref og áfangar Lögð verður áhersla á að klára áfanga 1,2,5 og 8 að fullu og skila inn mælingum fyrir umrædda áfanga. Næsti áfangi er áfangi 9 og unnið verður samhliða að frágangi á áfanga 5 og vinnu við áfanga 9.	
5.	Önnur mál er varða efni fundarins GD sagði frá samtali við fulltrúa vegagerðar fyrr í vikunni og áréttaði það sem áður hefur komið fram að ekki verði plægt yfir vegræsi þar sem plægt er í veghelgunarsvæði.	

BH

BP

H.K.



E-4-Bláskógaljós

	BP sagði frá óhappi sem varð við plægingu þar sem að rör og strengir tengdu þessu verkefni skemmdust. BH á eftir að meta umfang.	
	Farið far yfir uppfærða verkáætlun. Að sögn BH á eftir að fínþússa uppfærsluna. GD lagði áherslu á að verktaki noti verkáætlunina á markvissan hátt til þess að halda verkefninu á áætlun. Mikilvægt sé að verktaki bregðist tímanlega og ákveðið við því ef að útlit sé fyrir að verkáætlun riðlist.	
	GS spurðist fyrir um ídrátt röra í rör í brúm. GD sagði að framkvæmdin væri háð leyfi vegagerðar sem biði afgreiðslu.	
	BP spurðist fyrir um hvort að unnið væri að því að kortleggja lagnir í jörð í sveitarfélaginu, þ.e. hitaveitu- og neysluvatnslagnir. BD sagði að sú vinna væri í gangi. Sá grunnur væri þó ekki kominn á það stig að hann væri tæmandi. Því væri mikilvægt að leita til þeirra sem best þekkja til á hverju svæði og Benni væri hafsjór af fróðleik í því efni.	
	HK óskaði eftir að frágangi við inngang í Aratungu yrði hraðað og endanlegur frágangur færi fram sem fyrst. Frágangur á rörum inn í brunninn eru eftir og einnig þyrfti að ganga frá yfirborði í samræmi við það sem fyrir var. GD fór yfir málið almennt og mikilvægi þess að frágangur á brunnum og tengiskápum færi fram sem fyrst, og helst samhliða niðursetningu. Góð lýsing er á frágangi á brunnum og skápum í útboðsgögnum (2.3.1 og 2.3.2) og hvatti GD verktaka og eftirlitsaðila til þess að kynna sér þá verklýsingu vel, ekki síst hvað varðar frágang neðanjarðar, þ.e. það sem snýr að því að komast hjá vatnsmyndum í brunnum. Yfirborðsfrágangur skipti einni miklu máli og þyrfti að vanda.	
	BD sagði frá því að á næstunni mætti búast við því að sláttur og önnur vor/sumarverk hæfust. Umgengni og frágangur þyrfti að taka mið af því þannig að vinna á t.d. sláttur traktorum geti farið óhindruð fram.	
	GS ræddi um almenna umgengni á verkstað og mikilvægi þess að ganga vel um verksvæðið og valda sem minnstu raski við þá vinnu sem fram fer. Þetta á ekki síst við um val á tækjum við hæfi á hverjum stað fyrir sig. GD minnti á ákvæði útboðsgagna þar sem fram kemur að verktaka beri að lagfæra rask og skilja við verksvæði í því sem næst sama ástandi og áður en vinna hófst. Ákvæðið ætti að vera hvetjandi fyrir verktaka að velja tæki við hæfi á hverjum stað.	
	BD spurðist fyrir um mikilvægi þess að verkstjóri verksins f.h. verktak sé á verkstað í ljósi þess að BH hefur ekki verið á verktað undanfarnar vikur. GD benti á útboðsgögn í þessu sambandi þar sem hlutverki verkstjóra er lýst. Verkstjórn sé á höndum verktaka og hans að tryggja að framgangur verksins sé í samræmi við verkáætlun og útboðsgögn. Hvernig svo sem nærveru verkstjóra sé háttáð sé mikilvægt að samskiptaleiðir séu virtar og að hlutverkaskipan og ákvörðunartaka sé í samræmi við útboðsgögn.	
	Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 3. júní. Ákveðið verður í upphafi viku 23 hvort að fundurinn verður símafundur eða haldinn í Aratungu. Fleira ekki rætt.	

Samþykki verktaka

Samþykki verkkaupa

Helgi Hjartarson
Stjórnverki

Verkefnahandbók

2

Útgáfa nr. 1.0

BH

BO

[Signature]

7.15
[Signature]



E-4-Bláskógaljós

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 20. maí. Ákveðið verður í upphafi viku 21 hvort að fundurinn verður símafundur eða haldinn í Aratungu.	
Fleira ekki rætt.	

Samþykki verktaka

Samþykki verkkaupa

Böður Pétursson

Helga Skjottarsdóttir

Böður
Guðrún Ólafsdóttir
B.H.